

Berist til:



FRÉTTABRÉF

25. árg. 1. tbl.

JANÚAR 2010

Boðað er til aðalfundar félagsins
þann 3. febrúar 2010 kl: 15:00 að Borgartúni 6,
í fundarsalnum Ásbrú á 3 hæð.

Fundarstjóri: Þórólfur Antonsson

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar, Páll Halldórsson, formaður.
2. Skýrslur nefnda, orlofshúsanefnd.
3. Reikningar FÍN og Kjaradeilusjóðs, Ólafur Eggertsson, gjaldkeri.
4. Lagabreytingar, Barði Þorkelsson.
5. Ákvörðun félagsgjalds, Páll Halldórsson, formaður.
6. Kosning í stjórn og nefndir, Páll Halldórsson, formaður.
7. Inntaka nýrra félaga, Heiðrún Guðmundsdóttir, ritari.
8. Önnur mál.

Reikningar félagsins

Ársreikningar félagsins og Kjaradeilusjóðs verða aðgengilegir á heimasíðu félagsins
mánudaginn 1. febrúar 2010.

Fréttabréf FJN

Skrifstofa FJN er í
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá kl.
09:00-12:00 og 13:00-
16:00

Sími: 568-9616
Fax: 568-9619
Farsími: 864-9616
Netfang: fin@bhm.is
Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Páll Halldórsson,
formaður

Marianna H. Helgadóttir,
framkvæmdastjóri

Rósa M. Sigtryggisdóttir,
skjala- og upplýsinga-
fulltrúi

Útgefandi:
FJN

Ábyrgðamaður:
Marianna H. Helgadóttir

Upplag:
1320 eintök

Prentun:
Umslag

Pistill formanns

Í síðasta pistli fjallaði ég um þær þrengingar sem fyrir-sjáanlegar eru í opinberum rekstri á komandi árum og hvaða afleiðingar þær geti haft á kjör náttúrufræðinga.

Með stöðugleikasáttmálanum erum við bundin til hausts. Á undanförnum misserum hefur kaupmáttur fallið umtalsvert, þannig hefur kaupmáttur meðaldag-vinnulauna náttúrufræðinga lækkað um 16,5% frá árs-byrjum 2007, en um 13,5% ef miðað er við síðustu samninga sem gerðir voru í júní 2008. Ef gert er ráð fyrir 5% verðbólgu á árinu 2010 verða sambærilegar tölur komnar í 21,1% og 18,3% í lok samningstímans. Hér er átt við kaupmátt kauptaxta. Við þetta bætist að yfirvinna og önnur viðbótarkjör hafa dregist verulega saman. Ef horft er á kaupmátt ráðstöfunartekna er lækkunin enn meiri bæði vegna minni tekna og skatta-hækkana. Lætur nærri að kaupmáttur ráðstöfunar-tekna hafi fallið um þriðjung frá ársbyrjun 2007.

Sú kyrrstöðustefna sem við höfum rekið í launamálum undanfarið ár er studd með því að þannig sé komið í veg fyrir uppsagnir og atvinnuleysi félagsmanna. Þetta eru gild rök þegar horft er til skemmri tíma, en afleit ef horft er til lengri tíma. Í næstu samningum verður að stöðva kaupmáttar hrapið. Í stað núll samnings, sem þýðir fallandi kaupmátt, verðum við að gera samning um stöðugan kaupmátt dagvinnulauna, þ.e. að laun hækki í takt við áætlaða verðbólgu. Næsti samningur verður að kveða á um prósentuhækkanir. Krónutölu-hækkanir eins og við sömdum um síðast vinna gegn því meginmarkmiði félagsins að menntun sé metin til launa.

Þegar okkur hefur tekist að stöðva kaupmáttar-rýrnunina er mikið verk eftir að vinna upp aftur þann kaupmátt sem við höfðum 2007. Hversu hratt það gengur hlýtur að ráðast af því hvernig endurreisn landsins gengur á næstu árum. Jafnvel þó við náum því að gera kaupmáttinn stöðugan er staðan nú

Þannig að í samanburði við nágrannalöndin er Ísland lágláunaland. Slíkt ástand getur ekki varað lengi án þess að landið beri verulegan skaða af. Alþjóðlegur vinnumarkaður mun draga þá til sín sem við megum síst missa, ungt menntað fólk.

Mikilvægt er að félagið komi með vel mótaða stefnu til næstu samninga, annars er öruggt að við lendum í kjölsogi „aðila vinnumarkaðarins“. Við verðum að brjótast út úr þeirri hugsun sem ríkt hefur í undanförunum kjara-samningum þar sem litið er á laun nánast eins og framfærslubætur. Í þessum tilgangi mun félagið standa fyrir opnum stefnumótunarfundi í kjaramálum fyrir vorið.

Við verðum að tryggja að íslenskur vinnumarkaður sé samkeppnishæfur við umheiminn þannig að menntað fólk sjái hag sínum vel borgið hér á landi.

Páll Halldórsson

Stefnumótun í kjaramálum

- Opinn stefnumótunarfundur um kjaramál og næstu samninga verður haldinn fyrir vorið.
- Fundurinn verður auglýstur á heimasíðu félagsins þegar nær dregur og óskað eftir að félagsmenn okkar skrái þátttöku.

Orlofshús í vetur

Fullsæll:

Vika: kr. 16.000.-

Helgi: kr. 9.000.-

Aukadagur: kr. 1.800,-

Páskaleiga: kr. 18.000,-

Skógarkot:

Vika: kr. 21.000.-

Helgi: kr. 12.000.-

Aukadagur: Kr. 2.400,-

Páskaleiga: kr. 24.000,-

Við viljum benda félagsmönnum á að hægt er að sjá lausar vikur og helgar á heimasíðu FÍN www.fin.is. Einnig bendum við á bókunarvef orlofshúsa BHM www.bhm.is.

Tillögur að stjórn og nefndum 2010-2011

Stjórn

Tilnefning til 2 ára:

Formaður FÍN:

Páll Halldórsson, Félagi Íslenskra náttúrufræðinga

Formaður ráðgjafarnefndar:

Trausti Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands

Meðstjórn:

Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg

Sigurður Garðar Kristinsson, ÍSOR

Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg

Guðmundur Víðir Helgason, Líffræðistofnun HÍ

Rannveig Guicharnaud, Landbúnaðarháskóla Íslands

Agnes Eydal, Hafrannsóknarstofnuninni

Kristín Hermannsdóttir, Veðurstofu Íslands

Haraldur Rafn Ingvason, Náttúrufræðistofnun Kópavogs

Sitja frá fyrra ári:

Varaformaður FÍN:

Ína Björg Hjálmarsdóttir, Landspítala - Blóðbanka

Fulltrúi trúnaðarmanna:

Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg

Meðstjórn:

Guðmundur Jóhannesson, Búnaðarsambandi Suðurlands

Póroddur Fr. Póroddsson, Skipulagsstofnun

Heiðrún Guðmundsdóttir, Umhverfisstofnun

Vala Friðriksdóttir, Tilraunastöð HÍ í meinafræðum að Keldum

Þorsteinn Narfason, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis

Ólafur Eggertsson, Skógrækt ríkisins

Stefanía Bjarnason, Landspítala - Ónæmisfræðideild

Anna K. Daníelsdóttir, Matís

Stjórn Kjaradeilusjóðs

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmaður:

Guðmundur Guðjónsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, *formaður*

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Kristjana Bjarnadóttir, Landspítala - Blóðbanka

Puríður Pétursdóttir, Matvælastofnun

Í stjórn Kjaradeilusjóðs sitja*:

Aðalmenn:

Formaður FÍN

Gjaldkeri FÍN

Varamenn:

Varaformaður FÍN

Ritari FÍN

* Skipað er í ofangreind embætti á fyrsta á stjórnarfundum FÍN eftir aðalfund.

Skoðunarmenn reikninga

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmenn:

Einar Torfason, Landspítala - Veirudeild

Varamaður:

Björn Harðarson, Landspítala - Blóðbanka

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmaður:

Friðþjófur Árnason, Veiðimálastofnun

Varamaður:

Járngerður Grétarsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands

Siðanefnd

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmenn:

Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Reykjavíkurborg
Ólafur R. Dýrmundsson, Bændasamtökum Íslands, *formaður*
Steinunn Jakobsdóttir, Veðurstofu Íslands

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Marta Guðjónsdóttir, Reykjalundi
Jóna Freysdóttir, Landspítala

Varamaður:

Ólafur Karvel Pálsson, Hafrannsóknarstofnuninni

Orlofshúsanefnd

Tilnefning til 2 ára:

Sigurbjörg Gísladóttir, Umhverfisstofnun/Norrænu ráðherranefndinni
Dagmar Vala Hjörleifsdóttir, Matvælastofnun

Sitja frá fyrra ári:*

Einar Jónsson, Hafrannsóknarstofnuninni
Finnur Ingimarsson, Náttúrufræðistofu Kópavogs

Einnig situr í orlofshúsanefnd fulltrúi stjórnar*

Tekið fyrir á fyrsta stjórnarfundum FÍN eftir aðalfund.

Stjórnskipaðar nefndir

Stjórn félagsins mun á stjórnarfundum skipa í stjórnir og nefndir sem starfa á starfsárinu. Birt verður í næsta fréttabréfi hverjir hafa verið skipaðir til þeirra starfa. Listi þessi verður aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.fin.is og verður uppfærður þegar nær dregur.

Tillögur að lagabreytingum

4. grein nógildandi laga félagsins:

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg og lögð fyrir stjórn þess, ásamt afriti af prófskírteini. Stjórnin getur veitt bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Stjórnin skipar menntanefnd sér til ráðuneytis við mat á umsóknum og geti vafi leikið á því að umsækjandi fullnægi skilyrðum skv. 3. gr. skal umsóknin lögð fyrir menntanefnd til umsagnar. Í undantekningartilvikum er stjórn, að fenginni umsögn menntanefndar, heimilt að víkja frá skilyrðum a)-liðar 3. gr. um BS-próf, enda hafi umsækjandi langa og krefjandi fagreynslu á sviði náttúrufræða. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta aðalfund til endanlegrar afgreiðslu.

Tillaga laganefndar um breytta 4. grein:

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg og lögð fyrir stjórn þess, ásamt afriti af prófskírteini. Stjórnin getur veitt bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Stjórnin skipar menntanefnd sér til ráðuneytis við mat á umsóknum og setur aðalfundur nefndinni matsreglur. Geti vafi leikið á því að umsækjandi fullnægi skilyrðum skv. 3. gr. skal umsóknin lögð fyrir menntanefnd til umsagnar. Í undantekningartilvikum er stjórn, að fenginni umsögn menntanefndar, heimilt að víkja frá skilyrðum a)-liðar 3. gr. um BS-próf, enda hafi umsækjandi langa og krefjandi fagreynslu á sviði náttúrufræða. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta aðalfund til endanlegrar afgreiðslu.

Tillaga um breytingu á félagsgjöldum

Félagsmenn á opinberum markaði, þ.e.a.s. hjá ríki, sveitarfélögum og sjálfseignastofnunum og önnur fyrirtæki/félög/stofnanir sem gert hafa kjarasamninga við félagið sem byggja á ríkissamningum:

- Félagsgjaldið lækkar úr 1,4% af dagvinnulaunum í 1,2% af dagvinnulaunum frá 1. maí 2010.

Félagsmenn á almennum markaði:

- Félagsgjaldið breytist úr 2000 kr./á mánuði í 0,7% af heildarlaunum frá 1. maí 2010, þó að hámarki 7.000,- kr. á mánuði.

Yfirvinna tekin út í frí

- Ef þú vinnur yfirvinnu að beiðni yfirmanns og samkomulag er um að þú takir hana út í frí er einn yfirvinnutími ígildi 1,8 dagvinnutíma eða 1 klst og 48 mínútur.

Um dagpeninga innanlands

- Kostnaður vegna ferðalaga innanlands á vegum vinnuveitanda skal greiðast eftir reikningi enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Sama gildir ef hluti vinnudags er unninn svo langt frá föstum vinnustað að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar.
- Starfsmenn skulu fá fyrirframgreiðslu áætlaðs ferðakostnaðar.
- Um uppgjör ferðakostnaðar, þar með talið akstursgjald, fer eftir sömu reglum og um uppgjör yfirvinnu.
- Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum, sé um það samkomulag eða ekki unnt að leggja fram reikninga.

Um bakvaktir

- Ákveði yfirmaður starfsmanns að bakvakta sé ekki þörf þá hefur atvinnurekandi ekki heimild til að kalla út starfsmann og ætlast til þess að hann mæti til vinnu.

Um 17. gr. starfsmannalaganna

- Forstöðumaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem starfa hjá stofnun að því marki sem lög og kjarasamningar leyfa.
- Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega.
- Þó er engum starfsmanni, nema þeim er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur fimmtungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.
- Ekki er hægt að kalla fólk til yfirvinnu um helgar eða í frítíma nema um sé að ræða yfirvinnu í beinu framhaldi af viðveru á vinnustað.
- Enn fráleitari er sú hugsun að í skjóli þessarar greinar sé hægt að krefjast þess að fólk sé í viðbragðsstöðu utan venjulegs vinnutíma.